

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

3. fundur

haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs að Lyngási, 22. október 2007

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Skúli Björn Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Undirbúningur fundar með stjórn Vatnajökulspjóðgarðs 23. okt. 2007
2. Önnur mál

Formaður setti fundinn kl. 20:15 og gengið var til dagskrár.

1. Undirbúningur fundar með stjórn Vatnajökulspjóðgarðs 23. okt. 2007.

- Rætt um vinnu við reglugerð og aðkomu svæðisráðs að þeirri vinnu.
- Rætt um ráðningu þjóðgarðsvarðar og hvenær megi búast við að hann verði ráðinn á austursvæðið.
- Rætt um fjármál. Framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir austursvæðið og hvaða fjármuni megi búast við að komi á svæðið á næsta ári.
- Rætt um samninga vegna húsnæðismála er tengjast aðilum sem eiga húsnæði innan þjóðgarðsins t.d. á vegum Ferðafélagsins og hægt er að nýta sem landvarðastöðvar. Einnig rætt um staðsetningu gestastofu að Skriðuklaustri.
- Rætt um hugsanlegt hlutverk Ferðafélagsins vegna landvörslu og hvort ekki sé skynsamlegt að gera þjónustusamning við félagið um slíkan rekstur. Vilji er hjá svæðisráðinu að gera slíkan samning.
- Rætt um að mikilvægt sé að skipuleggja strax landvörslu vegna næsta árs. Landvarsla í Hvannalindum hefur verið hjá Umhverfisstofnun.
- Rætt um að gera samning við Náttúrustofu Austurland um vinnu við verndaráætlun.

Punktur þessir verða kynntir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs á fundi næsta dag eða 23. okt. 2007. Fundarmenn munu allir mæta til þess fundar kl. 12:00 að Skriðuklaustri.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl. 21:20.

Eiríkur Björn Björgvinsson ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Skarphéðinn G. Þórisson